

Borgarráð Reykjavíkur
Skrifstofu borgarstjórnar
Ráðhúsinu, Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

28. október 2019

BORGARRÁÐ 18. júlí 2019: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um stofnun húsfélaga í fjölbýlishúsum í eigu Félagsbústaða - R 19070157

Borgarfulltrúi Flokks fólksins leggur til að stofnuð séu húsfélög í þeim fjölbýlishúsum þar sem Félagsbústaðir eiga allar íbúðirnar (Félagsbústaðir eini eigandinn). Ávallt þarf að tryggja að rödd leigjenda heyrist og húsfélag er formleg leið til þess og í stjórn sitji leigjendur. Eins og flestum er kunnugt hafa leigjendur í tugatali upplýst um að kvartanir þeirra, um langvarandi viðhaldsleysi og heilsuspillandi myglu í húsnæði þeirra, til stjórnenda Félagsbústaða hafi hreinlega verið hunsaðar eða í það minnsta ekki teknar nægjanlega alvarlega til að gert hafi verið við með fullnægjandi hætti.

Svar Félagsbústaða:

Í þjónustustefnu Félagsbústaða þar sem rauði þráðurinn er samvinna, virðing og þjónusta kemur fram að við hjá Félagsbústöðum leitum samstarfs við leigjendur við úrlausn verkefna. Ein leið til þess að auka samstarfið og auka áhrif leigjenda í málefnum sem að þeim snúa er að koma á fót íbúafélögum í fjölbýlishúsum sem alfarið eru í eigu Félagsbústaða. Sú hugmynd hefur þegar verið kynnt og rædd á íbúafundi í einu húsanna. Á fundinum var skipuð þriggja manna undirbúningsnefnd sem fékk það hlutverk að skilgreina nánar tilgang, hlutverk og umgjörð íbúafélags og leggja fyrir íbúafund.

Í tillögu áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins kemur jafnframt fram að leigjendur hafi í tugatali upplýst um kvartanir vegna ásigkomulags íbúða og þær hunsaðar og viðgerðir ekki framkvæmdar á fullnægjandi hátt.

Félagsbústaðir leggja áherslu á að eiga góð samskipti við leigjendur og leysa farsællega úr þeim erindum sem berast. Félagsbústaðir hafa umsjón með um 2.700 leigugeiningum og eðlilega berast ýmsar ábendingar frá íbúum um ástand íbúðanna og þörf á viðgerðum. Við öllum erindum er brugðist og þau sett í viðeigandi farveg. Þegar um er að ræða leka eða grun um að húsnæði geti verið heilsuspillandi eru mál sett í forgang.

Beðist er velvirðingar á því hve seint svarið berst.

Virðingarfyllst,



Sigrún Árnadóttir, framkvæmdastjóri